

**Nd.**

### **355. Nefndarálit**

um frv. til l. um breyt. á l. um orlof, nr. 16 26. febrúar 1943.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndarmenn hafa því miður ekki getað orðið á eitt sáttir um afgreiðslu máls þessa. Meiri hl. nefndarinnar (SEH, JH, HelgJ) er frumvarpinu andvígur og gerir væntanlega grein fyrir skoðun sinni í séráliti. Gylfi Þ. Gíslason er fylgjandi 1. gr. frv. og mælir með samþykkt hennar, en er á hinn bóginn andvígur ákvæðum 2. gr. frv. og finnst ráðlegra, að hún sé felld burt. Minni hl. nefndarinnar (KTh) telur, að í frv. felist mikil og sanngjörn réttarbót, og mælir eindregið með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Samkvæmt lögum um orlof frá 26. febr. 1943 á hver sá maður, er starfar í þjónustu annarra, rétt á orlofi í jafnmarga virka daga og hann hefur unnið marga almanaksmánuði samanlagt næsta orlofsár á undan. Í því augnamiði ber að greiða honum fjóra hundraðshluta (4%) af kaupum því, sem hann bar úr bítum fyrir vinnu sína. Ein stétt manna er þó enn afskipt hlunnindum þessum, en það eru starfsmenn fiskiskipa, sem ráðnir eru eftir reglum um bein hlutaskipti og taka að meira eða minna leyti þátt í útgerðarkostnaði. Þeim skal, að því er lögum mæla fyrir, greitt orlofsfé þannig, að tveir hundraðshlutar (2%) eru greiddir af útgerðarmanni, en hinn helminginn verða þeir að taka af sínu eigin kaupum, eða m. ö. o., hlutarsjómaðurinn á aðeins hálfan orlofsrétt á við aðra verkamenn og sjómenn, og hefur hann þó engin hlunnindi fram yfir þá, nema siður sé, að því er tekjur og aðbúnað snertir. Starf hlutarsjómannanna er þjóðarþúinu geysimikilsvert, er bæði erfitt, lýjandi og oft heiluspillandi, þar eð því fylgja einatt vökur og vosbúð, en vistarverur sjómannanna allt of oft illa ræstar, þröngar og rakar. Hlutarsjómenn hafa því vissulega fulla þörf þeirrar hressingar og áhyggjuléttis, er orlofið veitir, og eiga skýlausan rétt á því óskertu. 1. gr. frv. miðar að því að afmá þann ójöfnuð, sem þeir hafa átt við að búa, og vænti ég þess, að hv. þingdeild veiti henni samþykki sitt.

2. gr. frv. miðar að því að samræma fyrningartíma orlofskrafna og kaupkrafna, þannig að krafa á hendur vinnuveitanda vegna orlofs falli ekki úr gildi vegna fyrningar, fyrr en um leið og krafan um vinnulaun verður ógild. Þar sem orlofsféð er ákveðinn hundraðshluti af kaupum, skattskyldur og því í raun rétttri kaupuppbot, er með öllu óeðlilegt að aðskilja fyrningartíma þess um árabíl frá fyrningartíma verkaups. Frumvarpsgreinin er því fyllilega réttmæt. Auk þess hefur reynslan sýnt, að sú breyting á lögnum, sem í henni felst, er næsta nauðsynleg, sbr. grg., er frv. fylgir. Vil ég því einnig mæla með, að hún verði samþykkt og frv. óbreytt gert að lögum.

Alþingi, 16. febrúar 1948.

Katrín Thoroddsen.